


1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USKRRK (mkr)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	3.517	3.108	409	13,2%
Laun og launat. gj.	2.220	2.290	-69	-3,0%
Annar rekstark.	7.565	7.583	-18	-0,2%
Rekstrarniðurstaða	6.267	6.764	-497	-7,3%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á fyrstu 10 mánuðum ársins 2018 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrarniðurstaða sviðsins var 6.267 mkr eða 497 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 7,3%.

Tekjur voru 3.517 mkr sem var 409 mkr yfir áætlun eða um 13,2%. Tekjur **bílastæðasjóðs** voru 216 mkr yfir áætlun, **byggingarfulltrúi** var 130 mkr yfir áætlun og **skipulagsfulltrúi** var 59 mkr yfir áætlun tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld námu 2.220 mkr sem var 69 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 3,0%. Launakostnaður **bílastæðasjóðs** var 74 mkr undir fjárheimildum. Launakostnaður **skrifstofu samgangna** var 27 mkr yfir fjárheimildum á tímabilinu.

Annar rekstarkostnaður nam 7.565 mkr sem var 18 mkr undir fjárheimildum eða um 0,2%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 408 mkr yfir fjárheimildum, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 285 mkr, hreinsun borgarlandsins 65 mkr og ýmislegt 38 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins. **Leiga gatnakerfis** var 191 mkr undir fjárheimildum. **Viðhald gatna** var 79 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Bílastæðasjóður** var 79 mkr undir fjárheimildum, **byggingarfulltrúi** var 19 mkr undir fjárheimildum og **stefnumótun og greining** var 11 mkr undir fjárheimildum tímabilsins.

2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



Rekstur USK (mkr)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	3.940	3.577	364	10,2%
Laun og launat. gj.	1.551	1.693	-142	-8,4%
Annar rekstark.	4.134	3.604	530	14,7%
Rekstrarniðurstaða	1.744	1.720	24	1,4%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á fyrstu 11 mánuðum ársins í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 1.744 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 1.720 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 24 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir eða um 1,4%.

Tekjur voru 3.940 mkr eða 364 mkr yfir áætlun sem jafngildir 10,2%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** voru 408 mkr yfir áætlun, þar af voru 406 mkr (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) einkum vegna vetrarþjónustu og hreinsunar borgarlandsins. Tekjur af **viðhaldi gatna og opinna svæða** voru 75 mkr undir áætlun, þar af voru 79 mkr (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði). Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 49 mkr hærrí en áætlað var á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld voru 1.551 mkr sem var 142 mkr undir fjárheimildum eða um 8,4%. **Skrifstofa Framkvæmda og viðhalds** var 32 mkr undir fjárheimildum og **gatnadeild SFV** var 12 mkr undir fjárheimildum. **Þjónustumiðstöð Stórhöfða** var 35 mkr undir fjárheimildum, **hverfastöð Njarðargötu** var 19 mkr undir fjárheimildum og **hverfastöð Jafnasel** var 22 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Hverfaþjónusta Miklatún fasteignahluti** var 11 mkr undir fjárheimildum tímabilsins.

Annar rekstarkostnaður var 4.134 mkr og reyndist 530 mkr yfir fjárheimildum eða um 14,7%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var 408 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 285 mkr, hreinsunar borgarlandsins 65 mkr og ýmislegt var 38 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins. **Viðhald gatna og opinna svæða** var 75 mkr undir fjárheimildum. **Viðhald fasteigna** var 40 mkr yfir fjárheimildum og **ferlimál fatlaðs fólks** voru 63 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Útseld þjónusta** var 70 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins.